

Fundargerð 31. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 21. október 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Berglind Kristinsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Sigrún Elefsen, Sverrir Guðmundsson, Þuríður H. Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

1. Starfs- og fjárhagsáætlun 2017

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 lögð fram. Samþykkt samhljóða.

2. Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna 2017

Rætt um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna ársins 2017 og helstu framkvæmdir sem þörf er á að ráðast í. Samþykkt að sækja um vegna framkvæmda við Brimketil, Brú milli heimsálfa, Garðskagavita, Gunnhver, Reykjanesvita og hjólastígs milli Voga og Reykjanesbæjar.

3. Gjaldtaka á ferðamannastöðum

Rætt um gjaldtöku á áningarstöðum innan Reykjanes Geopark. Samþykkt að sækja um styrk til að vinna valkostagreiningu vegna gjaldtöku á ferðamannastöðum í Uppbyggingasjóð Suðurnesja.

4. Ástand Stapagötunnar

Lögð fram skýrsla Sjálfbóðaliðasamtaka um náttúruvernd um ástand Stapagötunnar. Stjórnin þakkar fyrir skýrsluna og býður fram aðstoð við að kynna verkefnið næstu árin.

5. 38. fundur EGN Coordination Committee og aðalfundur GGN 2016

26. september sl. fór fram haustfundur EGN Coordination Committee í English Riviera Geopark á Englandi. Fundinn sóttu Eggert Sólberg Jónsson og Sverrir Guðmundsson. 28. September fór fram aðalfundur Global Geoparks Network á sama stað. Eggert sagði frá því helsta sem rætt var um á fundunum.

6. Gestastofur Reykjanes Geopark

Lagðar fram teikningar að mannlásum gestastofum Reykjanes Geopark. Þeim á að vera hægt að koma fyrir í rými sem ekki eru til staðar í dag og á þeim stöðum þar sem starfsfólki er ekki endilega ætlað að veita upplýsingar til ferðamanna.

7. Samningur um leyfi fyrirtækja til að nota merki Reykjanes Geopark

Lögð fram drög að samningi um leyfi fyrirtækja til að nota merki Reykjanes Geopark í markaðssetningu og á tilteknum vörum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ